



FÉLAG  
ELDRI  
BORGARA  
Í REYKJAVÍK  
OG NÁGRENNI



## FEB vill áréttta eftirfarandi:

- FEB getur með engu móti samþykkt óbreytt þau drög að frumvarpi til laga um almannatryggingar sem fyrir liggur. Þó mörg atriði frumvarpsins séu vissulega til bóta frá því kerfi sem nú er í gildi varðandi almannatryggingarnar, eru of mörg önnur atriði í drögunum sem ekki eru ásættanleg í óbreyttri mynd.
- Þar má helst nefna: afnám frítekjumarka launatekna, sem mun virkja letjandi á eldra fólk að halda áfram störfum á vinnumarkaði og vinna þannig gegn því markmiði sem fram kemur í drögunum að hækka eftirlaunaaldur manna og fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs. Eðlilegt er að gæta samræmis í meðhöndlun allra tegunda af tekjum eftir því sem kostur er, svo sem vegna fjármagnstekna.
- Breytingar samkvæmt drögunum munu valda því að um 4.200 manns munu sæta lækkun eða fá engan lífeyri frá TR, ef frumvarpsdrögin ná fram að ganga í óbreyttri mynd.
- Því er haldið fram í opinberri umræðu að grunnstoð eftirlaunakerfisins sé lífeyrissjóðirnir og síðan komi almannatryggingar sem viðbót. Þetta er alrangt og stenst enga skoðun. Lífeyrissjóðirnir voru hugsaðir sem viðbót við greiðslur frá almannatryggingum. Það er þess vegna óviðunandi að leggja niður grunnlífeyri til allra í almannatryggingum, eins og drögin gera ráð fyrir. Það væri eðlilegra að hækka hann verulega, þannig að hann verði viðunandi og lífeyrir frá lífeyrissjóðunum komi svo til viðbótar.
- Rétt er að minna á að krafa eldri borgara um að fá líkt og launafólk hækkun í 300 þúsund er hvergi nefnd í þessum lagadrögum. Hún stendur óhöggud.